

## L Ö G

### um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

##### 1. gr.

Sveitarstjórn í kaupstað, eða kauptúni með 1000 íbúa eða fleiri, er heimilt með samþykki ráðherra að setja reglugerð um búfjárhald í kaupstaðnum eða kauptúninu. Með slíkum reglum má þó ekki skerða rétt tilraunastöðvarinnar að Keldum eða annarrar hliðstaðrar tilraunastöðvar til búfjárhalds.

Með búfjárhaldi er átt við nautgripa-, hrossa-, svína- og sauðfjárhald svo og alifuglarækt.

Þó er reiðhestahald undanþegið ákvæðum laga þessara, ef það er á vegum hestamannafélaga og þau hafa sett um það reglur, sem hlutaðeigandi sveitarstjórn staðfestir.

##### 2. gr.

Í reglugerð má ákveða, að tiltekið búfjárhald sé algerlega bannað í kaupstað (borg) eða kauptúni, takmarkað að því er snertir fjölda hverrar tegundar eða bundið við tiltekin svæði innan bæjarlandsins (borgarlandsins) eða kauptúnsins. Algert bann við tilteknu búfjárhaldi skal tilkynnt búfjáreigendum með a. m. k. eins árs fyrirvara, miðað við 1. október.

##### 3. gr.

Ákveða má í reglugerð, að hver sá, sem búfjárhald vill stunda innan kaupstaðarins (borgarinnar) eða kauptúnsins, skuli sækja um leyfi til slíks og sé búfjárhald óheimilt án slíks leyfis. Skylt skal umsækjanda að gera grein fyrir því, hvernig geymslu búfjárins skuli hagað, og láta í té aðrar þær upplýsingar, sem sveitarstjórn telur nauðsynlegar. Leyfi skal bundið við tiltekinn hámarksfjölda. Einnig má binda það við ákveðinn tíma eða ákveða, að það sé afturkallanlegt með tilteknum fyrirvara.

##### 4. gr.

Ef maður heldur búfé án leyfis, skal heimilt að taka það búfé og selja á uppboði eða slátra því.

Ef leyfishafi fylgir ekki settum reglum, er sveitarstjórn heimilt að svipta hann leyfi til búfjárhalds og fara svo með búfé hans sem um ræðir í 1. mgr.

##### 5. gr.

Nú verður aðili fyrir atvinnutjóni vegna banns eða takmarkana á búfjárhaldi, þannig að bótum varði, og skal þá greiða bætur úr sveitarsjóði.

##### 6. gr.

Í reglugerð má ákveða gjald fyrir leyfi til búfjárhalds, allt að kr. 1000.00 á ári, og rennur það í sveitarsjóð.

## 7. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum skv. þeim, varða sektum, allt að kr. 5000.00. Um meðferð mála út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. maí 1964.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Emil Jónsson.*

**L Ö G**

**um stækkun lögsagnarumdæmis Akraneskaupstaðar.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Mörk lögsagnarumdæmis Akraneskaupstaðar skulu vera: Að norðan: landamörk jarðanna Innstavogs og Óss um Blautós og síðan Berjadalsá frá sjó og yfir fyrir land jarðarinnar Garða. Að austan: landamörk jarðarinnar Garða frá Berjadalsá eftir Lönguásum í Tannaberg og þaðan í sjó við Leyni.

## 2. gr.

Akraneskaupstaður tekur að sér framfærslu allra þeirra þurfamanna, sem eru eða verða og framfærslurétt eiga eða mundu eignast í Innri-Akraneshreppi, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á landi því, er samkvæmt lögum þessum fellur undir lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar.

## 3. gr.

Bætur fyrir tekjurýrnun Innri-Akraneshrepps, er leiðir af lögum þessum, skulu ákveðnar af gerðardómi, skipuðum þremur mönnum. Tilnefna aðilar sinn manninn hvor í dóminn, en hæstiréttur tilnefnir oddamann, og er hann formaður dómsins. Vanræki annar hvor aðila eða báðir að tilnefna mann í dóminn, skal hæstiréttur tilnefna, svo að dómurinn verði fullskipaður.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. maí 1964.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Emil Jónsson.*